

49. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 2.9. 2025, kl.9:00

Mætt eru: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Kjartan Benediktsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Jóhann F. Þórhallsson er oddviti í fjarveru Lárusar Heiðarssonar. 1. Varamaður Urður Gunnarsdóttir var fjarverandi og 2. Varamaður Guðni Jónsson var mættur. Sveitarstjórn samþykkir að bæta við lið nr. 5 og Brekkubæ vegna umhverfisstyrks, lið nr. 8 -d Fundargerð fagraðs Minjasafns Austurlands 18.8.2025. Einnig lið nr. 9. Ársreikningur landsbótasjóðs. Að auki var bætt við lið 10. Eftirfarandi atriði: Viðauki við skuldabréf, og beiðni til sveitarfélags um fjárstuðning við starfsemi Stígamóta. Mætt undir lið 1. Nína Hrönn Gunnarsdóttir, verkefnastjóri farsældarráðs á Austurlandi á vegum Austurbrúar.

Dagskrá:

1. Farsældarráð
2. Fjárhagsyfirlit fyrir 6 mánuði
3. Heimsókn bæjarstjórnar Fjarðarbyggðar
4. Skipun fulltrúa í bakhóp Sambands íslenskra sveitarfélaga
5. Erindi frá Eyrarlandi og Brekkubæ um umhverfisstyrk
6. Uppsögn þjónustusamnings um Végarð og tjaldstæði
7. Gangnaseðill
8. Fundargerðir:
 - a. Verkfundur Hamborgar nr. 3. Fundargerð dags. 28.8.2025
 - b. Fjallskilaneftndar 26.8.2025
 - c. Framkvæmdateymis Öruggara Austurlands 27.8.2025
 - d. Fundargerð fagraðs Minjasafns Austurlands 18.8.2025
9. Ársreikningur landbótasjóðs
10. Skýrsla sveitarstjóra
11. Önnur mál:
 - Viðauki við skuldabréf
 - Beiðni til sveitarfélags um fjárstuðning við starfsemi Stígamóta

1. Farsældarráð

Nína Hrönn sagði frá undirbúningshóp Farsældarráðs, sem undirbýr samþykktir fyrir næstu sveitarstjórnarkostningar. Ráðið á að halda betur utanum velferð barna og koma betra skipulagi á farsæld þeirra. Nína vék af fundi kl: 9:52.

2. Fjárhagsyfirlit fyrir 6 mánuði

Kynnt.

3. Heimsókn bæjarstjórnar Fjarðabyggðar

Fundargerð bæjarstjórnar Fjarðabyggðar og sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps.

Samþykkt á fundi í Snæfellsstofu 29. ágúst 2025

1) Áskorun til Alþingis um orkuuppbyggingu

Sveitarfélögin skora á Alþingi að ljúka afgreiðslu þeirra lykilmála sem bíða á borði þingsins varðandi orkumál og eru forsenda áframhaldandi uppbyggingar á Austurlandi. Full fjármögnuð verkefni á svæðinu bíða skýrra heimilda og hætta er á að uppbygging færist úr landi verði frekari dráttur.

Það skiptir sérstaklega máli að þingið:

- afgreiði stefnu um uppbyggingu vindorku á Íslandi,
- tryggi sveitarfélögum eðlilegt afgjald af raforkuframleiðslu sem fer fram í þeirra lögsögu,
- tryggi skýrt lagaumhverfi og innviði fyrir fyrirhugaðan orkugarð á Austurlandi, m.a. framleiðslu á vetni til að knýja fiskiskip og flutningaskip innanlands og utan.

Í tengslum við þessa uppbyggingu gera sveitarfélögin ráð fyrir talsverðri húsnæðisuppbyggingu og telja brýnt að fleiri vatnsaflsvirkjanir komi til framkvæmda hið fyrsta. Aukin orkuöflun er lykilforsenda áframhaldandi verðmætasköpunar og uppbyggingar á Austurlandi, m.a. fyrir þróun græns orkugarðs í Fljótsdal og á Reyðarfirði og orkuskipti í atvinnulífi.

2) Sameiginleg afstaða um stjórnaraðild SSA

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar og sveitarstjórn Fljótsdalshrepps lýsa yfir sameiginlegum vilja til að vinna tillögu að lausn og nauðsynlegum lagabreytingum um stjórnaraðild Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA), sem miðar að því að öll sveitarfélög á Austurlandi eigi fulltrúa með stjórnarsetu.

3) Samvinna um húsnæði og innviði

Aðilar hefja markvissa samvinnu um uppbyggingu húsnaðis og innviða. Fljótsdalshreppur hefur hafið vinnu við uppbyggingu byggðakjarna í Hamborg og Fjarðabyggð vinnur að fjölgun lóða og húsnaðis, bæði til íbúðauppbyggingar og atvinnusköpunar. Bæði svæðin teljast að meginstefnu til kaldra svæða og munu sveitarfélögin vinna saman að hagkvæmum orkulausnum fyrir íbúa og fyrirtæki. Jafnframt verður kannað sérstaklega hvort samlegðaráhrif í hönnun innviða geti leitt til hraðari og hagkvæmari uppbyggingar á báðum stöðum.

Samþykkt á fundi í Snæfellsstofu 29. ágúst 2025

4. Skipun fulltrúa í bakhóp Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tilnefnd eru: Guðni Jónsson í Loftslagsnefnd og Halla Auðunardóttir í Úrgangsmál og hringrásarhagkerfi.

Jóhann vék af fundi kl 10:55

5. Erindi frá Eyrarlandi og Brekkubæ um umhverfisstyrk

Samþykkt verkefnabreyting bæði vegna Eyrarlands og Brekkubæjar.

Jóhann kom aftur til fundar kl: 10:59.

6. Uppsögn þjónustusamnings um Végarð og tjaldstæði

Kjartan rakti málið frá sinni hlið og vék svo að fundi kl: 11:10.

Sveitarstjóra og oddvita falið að ræða við Kjartan um þær hugmyndir sem ræddar voru.

Kjartan kom aftur til fundar kl:11:50

7. Gangnaseðill

Sveitarstjórn samþykkir framlagða gangnaseðla fyrir Norðubbyggð og Suðurbyggð.

8. Fundargerðir:

a. Verkfundur Hamborgar nr. 3. Fundargerð dags. 28.8.2025

Kynnt.

b. Fjallskilanefndar 26.8.2025

Staðfest.

c. Framkvæmdateymis Öruggara Austurlands 27.8.2025

Kynnt.

d. Fundargerð fagraðs Minjasafns Austurlands 18.8.2025

Kynnt.

9. Ársreikningur landbótasjóðs

Kynntur.

10. Skýrsla sveitarstjóra

Farið yfir helstu mál.

11. Önnur mál:

Kjartan vék af fundi kl: 12:09

Viðauki við skuldabréf vegna Fljótsdalsgrundar samþykktur.

Kjartan kom aftur til fundar kl: 12:14

Beiðni til sveitarfélagsins um fjárstuðning við starfsemi Stígamóta.

Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk kr. 100.000 til Stígamóta.

Fundi slitið kl: 12:24

Halla ritaði fundargerð í tölvu.

Anna Jóna Árnarsdóttir

Guðni Jónsson

Halla Auðunardóttir

Kjartan Benediktsson

Jóhann F. Þórhallsson oddviti

